

REGLUGERÐ

um (3.) breytingu á skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

1. gr.

Skilgreining fyrir *nýtingarhlutfall* í 1.3. gr. reglugerðarinnar orðast svo: Hlutfall milli brúttóflatarmáls bygginga á lóð eða reit og flatarmáls lóðar eða reits. Um skilgreiningu brúttóflatarmáls fer samkvæmt íslenskum staðli ÍST50:1998 varðandi byggingarhluta í lokunarflokkum A og B. Undanskilið er brúttóflatarmál rýma með salarhæð lægri en 1,8 m, sbr. ÍST 21:1971.

2. gr.

Reglugerð þessi sem er sett með stoð í 1. mgr. 45. gr. skipulagslaga, nr. 123/2010 kemur í stað reglugerðar nr. 842/2016 og öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 31. október 2016.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Steinunn Fjóla Sigurðardóttir.